

UMHVERFI OG ÁRANGUR Á ALPJÓÐAVETTvangi - SAMANBURÐUR Á SAMFÉLAGS- OG HAGÞRÓUN Í ÚRÚGVÆ OG ÍSLANDI EFTIR SÍÐARI HEIMSSTYRJÖLDINA

Örn D. Jónsson, prófessor, Háskóli Íslands
Judith Sutz, prófessor, Universidad de la República Uruguay

Við fyrstu sýn virðist langsótt að bera saman einkenni samfélags- og hagþróunar í Úrúgvæ og á Íslandi. Löndin eru gjörólík í staðfræðilegum, sögulegum og menningarlegum skilningi. Áður fyrr var Úrúgvæ eitt af ríkustu samfélögum í heimi, velferðarríki sem minnir á hið svokallaða „norræna líkan“ sem til varð á Norðurlöndum mörgum áratugum síðar. Ísland, sem var einstaklega fátækt samkvæmt evrópskum mælikvörðum, skapaði forsendur fyrir nútímasamfélag á tuttugustu öld undir áhrifum frá þróuninni í nágrannalöndunum, einkum Englandi og á Norðurlöndum en í efnahagslegu tilliti voru Íslendingar með fátækustu þjóðum Evrópu allt fram undir síðustu heimsstyrjöld. Nú tilheyrir Ísland hópi þeirra ríkja í heiminum sem búa við mesta efnahagslega velsæld. Rétt fyrir hrunið 2008 var gerð rannsókn á stöðu þessara smárikja og nú er ætlunin að endurtaka þann leik og athuga hvernig þeim hefur vegnað síðasta áratug. Samanburðurinn byggist bæði á opinberum hagtölum og upplýsingum um nýsköpunarkerfi landanna, en einnig á gögnum sem aflað var með heimsóknum í fyrirtæki. Litið er á aukin tengsl á alþjóðavettvangi sem forsendu auðlegðar, en hin viðkvæma staða af völdum smæðar og sérstaklega atvinnusamsetning þeirra hagkerfa sem um er fjallað getur haft djúpstæðari áhrif sem eru gjörólík því sem gerist í stærri og flóknari hagkerfum. Samt sem áður gefur smæðin færi á sveigjanleika og skapar ótvírætt tækifæri. Í þessu liggur þversögnin í stöðu lítilla opinna hagkerfa. Gagnsæi er forsenda velsældar, en sterkari og flóknari tengsl valda því að umbætur reynast erfiðari en ætla mátti.